

381. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 15. október 2025 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Anton Sveinn McKee, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Microsoft Teams: Daníel Jakobsson gjaldkeri, Heimir Örn Árnason og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Forföll: Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Dagskrá:

1. Málefni á milli funda, til kynninga og upplýsingar:

Samþykktir á milli funda:

1.01 Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 380. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí var samþykkt á milli funda og er hér formlega bókuð staðfest í fundargerð.

Til kynningar og upplýsingar:

1.02 Samantekt skrifstofu

Lögð fram.

1.03 EOC Seminar á Möltu

Forseti, framkvæmdastjóri og afreksstjóri sóttu viðburðinn. Minnisblað Andra Stefánssonar framkvæmdastjóra frá viðburðinum fylgdi fundargögnum.

1.04 Skattamál íþróttahreyfingarinnar

Forseti fór yfir stöðu mála. Vinna starfshóps ráðuneytis og faghóps ÍSí er komin á fullt að vinna greiningu á helstu reglum sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi á Íslandi.

Skatturinn hefur á undanförnum mánuðum sent erindi til upplýsinga og gagnabeiðnir til íþróttafélaga vegna skattamála. Um er að ræða mál og erindi er varða bæði tekjuskatt og virðisaukaskatt og eru þau mislangt komin. Sum hafa verið í gangi í nokkra mánuði meðan það nýjasta barst þann 3. október sl. og snertir mörg félög.

Skatturinn sendi félögum í tveimur efstu deildum karla og kvenna í körfuknattleik, handknattleik og knattspyrnu bréf nýverið þar sem minnt er á ábyrgðina sem lögaðilar bera gagnvart skattayfirvöldum og óskað var eftir ýmsum gögnum. Bréfið er framhaldsbréf frá bréfi sem sent var af hálfu Skattsins fyrr á árinu.

Faghópur ÍSí hefur fundað með formönnum félaga þar sem var farið þau málefni sem erindi Skattsins nær yfir og greiningar sem unnar hafa verið vegna málsins. Á fundinum var ÍSí falið umboð til að svara Skattinum, fyrir hönd viðkomandi félaga og í kjölfarið verður haldið áfram

að vinna að úrlausnum. Faghópur ÍSí er tengiliður við hreyfinguna og sér til þess að aðilar séu upplýstir um stöðu mála hverju sinni.

1.05 Sambandsþing UMFÍ 10. – 12. október í Stykkishólmi

Forseti og framkvæmdastjóri sóttu þingið fyrir hönd ÍSí. Minnisblað framkvæmdastjóra fylgdi fundargögnum. Jóhann Steinar Ingimundarson var endurkjörinn formaður UMFÍ en töluverð endurnýjun varð í stjórn samtakanna.

Gert er ráð fyrir enn þéttara samstarfi á milli samtakanna í framtíðinni og verður unnið að sameiginlegri stefnumótun samtakanna um íþróttastarfið í landinu á yfirstandandi starfstímabili framkvæmdastjórnar ÍSí.

1.06 Fundargerð Heiðursráðs ÍSí frá 22. september sl.

Lögð fram.

1.07 Skýrsla EOC varðandi EYOF í Skopje

EOC hefur gefið út skýrslu varðandi aðstæður á EYOF í Skopje í sumar. Í skýrslunni eru tíundaðar ýmsar leiðir sem farnar verða til þess að fyrirbyggja að aðstæður í líkingu við þær sem voru í Skopje verði til staðar í EYOF verkefnum í framtíðinni.

Viðar Garðarsson gerði athugasemd við skamman frest til yfirlesturs gagna fyrir fund framkvæmdastjórnar og óskaði eftir lengri fyrirvara í framtíðinni. Skrifstofu falið að reyna eftir bestu getu að hraða útsendingu. Skoða þarf tímasetningu funda framkvæmdaráðs ÍSí með tilliti til útsendinga.

2. Fjármál

2.01 Rekstur ÍSí

Daníel Jakobsson gjaldkeri fór yfir ýmsar áhugaverðar tölur og umfang í rekstri ÍSí fyrir árið 2024. Hann fór einnig yfir rekstur ÍSí fyrstu átta mánuði ársins. Reksturinn er á pari við fjárhagsáætlun.

2.02 Minnisblað um aðalstyrktaraðila IOC

Minnisblað framkvæmdastjóra um aðalstyrktaraðila IOC tekið fyrir. Framkvæmdastjóri fór yfir skilyrði sem IOC setur ólympíunefndum varðandi samstarf við samkeppnisaðila þeirra fyrirtækja sem eru aðalstyrktaraðilar IOC. Einnig fór hann yfir það fjármagn sem ÍSí fær úr samningum IOC við aðalstyrktaraðilana.

3. Nefndir, ráð og vinnuhópar

Stefnumótunarráð

Forseti skýrði frá starfi ráðsins til þessa og undirbúningi fyrir stefnumótunarvinnu sem farið verður í, með aðkomu UMFÍ. Gert er ráð fyrir því að verkefnið standi yfir fram að íþróttapingi ÍSí árið 2027.

Aðrar nefndir og ráð

Forvarnar- og lýðheilsuráð - Viðar Garðarsson formaður fór yfir stöðu mála.

Viðar skýrði einnig frá heimsókn sinni til Rafíþróttasambands Íslands. Samtökin hafa boðið framkvæmdastjórnarfólki ÍSí til kynningar á starfi sambandsins og hafa nokkrir þegar þegið boðið. Unnið verður að því að virkja samráðsvettvang þeirra sérsambanda sem tengjast

íþróttaleikjum eða hermíleikjum íþróttar. Fylgst er vel með framþróun mála hjá IOC og EOC varðandi rafleiki og rafíþróttir.

Markaðsnefnd ÍSÍ - Hjördís Guðmundsdóttir formaður fór yfir stöðu mála. Framundan er fundaröð í nefndinni.

Vinnuhópur um verndun og velferð iðkenda – Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir fór yfir stöðu mála.

Sjóðsstjórn Ferðasjóðs íþróttafélaga - Heimir Örn Árnason fór yfir stöðu mála.

Mannvirkjanefnd ÍSÍ - Elsa Nielsen formaður fór yfir stöðu mála. Nefndin var ekki virk á síðasta starfstímabili framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Framkvæmdastjóri falið að kalla saman nefndina til fundar um hlutverk hennar og verkefni á starfstímabilinu. Forseti lagði til að viðhalds- og bygginganefnd og mannvirkjanefnd hefðu ákveðin samráð á starfstímabilinu.

Forseti skýrði frá fundi með heilbrigðisráðherra sem fram fór fyrr í dag um ýmis mál tengdum forvörnum og lýðheilsu þjóðarinnar.

4. Vetrarólympíuleikar í Milánó Cortína

Minnisblað framkvæmdastjóra ÍSÍ um Vetrarólympíuleikana lagt fram. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti undirbúnings fyrir leikana en aðeins fjórir mánuðir eru fram að leikum. Miklar áskoranir fylgja þessum leikum, ekki síst vegna mikilla fjarlægða á milli keppnisstaða og fjölda þorpa fyrir keppendur og fylgifólk. Gera má ráð fyrir íslenskum keppendum í a.m.k. þremur þorpum, sem kallar á mikið skipulag af hálfu ÍSÍ og skapar erfiðleika við samnýtingu starfsfólks. ÍSÍ hefur samið við nágrannaþjóðir um aðstoð á leikunum við ýmsa fagþætti sem ekki næst að manna með þeim kvóta sem ÍSÍ fær inn á leikana.

Tillaga Afreksmiðstöðvar Íslands um Líneyju Rut Halldórsdóttur, ráðgjafa ÍSÍ, sem aðalfararstjóra á leikunum samþykkt samhljóða.

5. Til afgreiðslu á fundinum:

5.01 Fundargerð laganeftar ÍSÍ frá 9.10.2025 og minnisblað Helgu Þórðardóttur lögfræðings ÍSÍ til framkvæmdastjórnar um afgreiðslu mála.

Trausti Gylfason fór yfir þau mál sem þörfuðust afgreiðslu framkvæmdastjórnar.

Tillögur laganeftar ÍSÍ um afgreiðslu mála, skv. fundargerð, voru samþykktar samhljóða.

5.02 Kostnaðarþátttaka ungmenna – 2. úthlutun

Lögð fram tillaga að 2. úthlutun kostnaðarþátttöku vegna þátttöku ungmenna í landsliðsstarfi, í samræmi við úthlutunarreglur þar að lútandi, samþykkt viðmið og áherslur. Úthlutunin er vegna 2. ársþriðjungs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5.03 Breytingar á reglugerð ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ.

Forseti fór yfir tillögurnar að breytingum á reglugerðinni, skv. minnisblaði þar að lútandi.

Reglugerðin var samþykkt samhljóða með framlögðum breytingum að undanskilinni síðustu setningu 5. greinar. Samþykkt var að fella setninguna í heild sinni út úr reglugerðinni.

5.04 Úthlutunarreglur starfslauna fyrir afreksíþróttafólk og þjálfara

Olga Bjarnadóttir skýrði undirbúning og vinnu við gerð reglnanna og vísaði til fyrri umræðna um málið í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Drög að reglunum, með nýjustu breytingum, lágu fyrir fundinum, til afgreiðslu.

Úthlutunarreglurnar samþykktar samhljóða.

Vinna við flokkun umsókna er vel á veg komin. Samþykkt að kallað verði til aukafundar í framkvæmdastjórn ÍSÍ ef þurfa þykir, til að staðfesta starfslaunaþegana.

5.05 Minnisblað AMÍ vegna úthlutunar afreksfjár fyrir 2026

Minnisblað Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ) vegna úthlutunar afreksfjár fyrir árið 2026 tekið fyrir.

Lagt er til að úthlutun á 637 mkr. framlags til afreksmála vegna ársins 2026 verði með sama hætti og árið 2025, þ.e.:

- 300 mkr. – Stuðningur við sérsambönd vegna landsliðs- og afreksstarfs úthlutað í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ.
- 100 mkr. – Kostnaðarþátttaka forráðamanna í landsliðsstarfi ungmenna.
- 120 mkr. – Framfærslukostnaður afreksíþróttafólks og þjálfara.
- 117 mkr. – Afreksmiðstöð Íslands

Tillagan samþykkt samhljóða.

5.05 Drög breytingum á reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar.

Lögð fram tillaga Heiðursráðs ÍSÍ að breytingum á Reglugerð um heiðursviðurkenningar ÍSÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða með smávægilegum lagfæringum í grein 1 og 3.

6. Viðburðir

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

7. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 19. nóvember og 12. desember nk.

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn í golfskála Golfklúbbsins Leynis á Akranesi 21. nóvember nk.

8. Önnur mál

Íþróttamaður ársins

Rætt um hóf Íþróttamanns ársins sem áætlað er að fari fram 3. janúar nk.

Erindi frá Sundsambandi Íslands (SSÍ)

Lagt fram erindi frá Sundsambandi Íslands þar sem fram kemur áskorun til AMÍ um endurskoðun á úthlutunarreglum um kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi.

Umræður urðu um málið.

Forseti á fund með forystu SSÍ á morgun og verður málið mögulega rætt þar.

Fyrirspurn varðandi STEF

Viðar Garðarsson spurðist fyrir um stöðu mála gagnvart málefnum STEF.

Framkvæmdastjóri sagði boltann vera hjá STEF þessa stundina.

Siðareglur ÍSÍ

Hjördís Guðmundsdóttir minnti á siðareglur ÍSÍ og óskaði eftir því að þær yrðu sendar til framkvæmdastjórnar til kynningar svo að allir við stjórnarborðið hafi kynnt sér reglurnar og þekki þær. Stjórnsýslusviði falið að senda reglurnar út til framkvæmdastjórnar á milli funda.

Allir með

Forseti skýrði frá þeim ánægjulegu tíðindum að búið sé að tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefnisins næstu þrjú árin. Samningur þess efnis verður undirritaður í Laugardalshöllinni 8. nóvember nk.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari